

EINFALDARA ÍSLAND

Aðgerðaáætlun 2006-2009¹

1. Samráð og gagnsæi við undirbúning nýrrar löggjafar

1.1. Frá og með *1. janúar 2007* skal fylgja hverju stjórnarfrumvarpi (að undanskildu fjárlagafrumvarpi og frumvarpi til fjárukalaga) útfylltur gátlisti (sjá fylgiskjal) þegar það er lagt fram í ríkisstjórn sem sýni að gætt hafi verið að ákveðnum lykilatriðum við undirbúning frumvarpa. Senda ber frumvörp með gátlistanum til ritara ríkisstjórnar um leið og frumvörp eru send í kostnaðarmat hjá fjárlagaskrifstofu. Gátlistinn verður endurskoðaður reglulega í ljósi reynslunnar.

1.2. Frá og með *hausti 2006* mun þingmálaskráin sem fylgir stefnuræðu forsætisráðherra geyma, eftir því sem við á, stutta lýsingu á efni væntanlegra frumvarpa (m.a. komi fram markmið og tilefni lagasetningar).

1.3. Forsætisráðherra mun leita eftir samstarfi við skrifstofu Alþingis um að gefnar verði *á árinu 2007* út leiðbeiningar um samningu stjórnarfrumvarpa. Þar verði meðal annars fjallað um form og uppsetningu lagafrumvarpa, hvernig æskilegt sé að haga samráði við gerð frumvarpa og hvernig eigi að haga mati á áhrifum lagasetningar á atvinnulíf, almenning, sveitarfélög og önnur stjórnvöld.

1.4. *Fyrir árslok 2006* mun dóms- og kirkjumálaráðherra að höfðu samráði við önnur ráðuneyti gefa út leiðbeiningar um samningu og útgáfu reglugerða og annarra stjórnvaldsfyrirmæla sem birtast eiga í B-deild Stjórnartíðinda.

2. Áætlanir um einföldun á tilteknum sviðum

2.1. Ráðuneytin munu gera langtímaáætlun fyrir árin 2007-2009 um það hvernig staðið verði að einföldunarstarfi varðandi þá málaflokka sem undir þau heyra. Það getur falist í því að uppfæra og einfalda lög og reglur, samræma reglur um hliðstæð efni eða einfalda og samræma stjórnarsýslu með þarfir borgaranna í huga, t.d. í formi gagnvirkar, rafrænnar þjónustu á Netinu. Slíkar áætlanir skulu tilgreina forgangsmálaflokka þar sem þörf er á einföldun og samræmingu og setja fram raunhæf og mælanleg markmið. Senda ber áætlunina til forsætisráðherra ekki síðar en *1. september 2007*.

2.2. Stuðlað verður að því að sérþekking varðandi laga- og reglusetningu verði aukin innan ráðuneytanna.

3. Verkefnisstjórn

3.1. Meginábyrgð á því að markmiðum um einföldun laga og reglna sé fylgt eftir hvílir á hverju og einu ráðuneyti. Forsætisráðherra mun hafa yfirumsjón með verkefninu en njóta við það aðstoðar samráðshóps sem settur verður á fót með fulltrúum ráðuneyta, Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Sérstaklega verður hugað að því hvernig kynna megi verkefnið almenningi og eftir því sem við á flétta upplýsingar og nýja þjónustu inn í vefinn Ísland.is sem til stendur að opna á árinu 2007.

4. Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur

4.1. Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur, sbr. lög nr. 27/1999, mun áfram gegna lykilhlutverki varðandi þau stjórnarfrumvörp og drög að reglugerðum sem undir hana heyra.

¹ Samþykkt í ríkisstjórn 17. október 2006

Fylgiskjal I

Stjórnarfrumvörp - gátlisti²

1. Nauðsyn lagasetningar

a. Hvers vegna er þörf á nýjum eða endurskoðuðum reglum?

Nauðsynlegt vegna aðildar að EES

Annað _____

b. Hefur verið kannað hvort bregðast hefði mátt við þörfinni með öðrum hætti?

Já, _____

Nei

2. Ákvæði stjórnarskrár

Hefur samning frumvarpsins gefið tilefni til að meta hvort það samrýmist stjórnarskrá og ef svo er hvaða ákvæðum hennar?

Já, _____

Nei

3. Einföldun regluverks eða stjórnsýslu

Leiðir samþykkt frumvarpsins með einhverjum hætti til einföldunar opinbers regluverks eða stjórnsýslu?

Já, _____

Nei

4. Samráð við samningu frumvarps

a. Hverja snertir frumvarpið fyrst og fremst?

b. Hefur verið haft samráð við aðila utan ráðuneytisins við undirbúning frumvarps?

Já (hvernig var því háttáð?) _____

Nei

5. Mat á áhrifum

Hefur eitthvað af eftirtöldu farið fram?

Mat á kostnaði ríkissjóðs, sjá umsögn fjárlagaskrifstofu, sem er fylgiskjal með frumvarpi.

Mat á áhrifum á tekjur og útgjöld sveitarfélaga af samþykkt frumvarps.

Mat á grundvelli laga nr. 27/1999 um opinberar eftirlitsreglur.

Annað _____

² Einungis er farið fram á stutt svör, ef þörf er á lengri útskýringum, má vísa til athugasemda með frumvarpi eða annarra fylgiskjala.